

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 26. september 2023
UST202308-195/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 - 2028 - Stakar framkvæmdir

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra 2016 - 2028 er barst 21. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 - 2028 fyrir stakar framkvæmdir.

Í greinargerð kemur fram að gerð er breyting á greinargerð aðalskipulagsins. Í kafla 2.3.8; *Stakar framkvæmdir er bætt við eftirfarandi texta í upptalningu um mannvirki: Tímabundnar framkvæmdir, eftirlits- og rannsóknarstarfsemi s.s. tilraunaborholur, rannsóknamöstur (allt að 80 m), skoðun jarðefna, tímabundnar vinnubúðir, aðstaða verktaka vegna framkvæmda o.fl. Leitast skal við að framkvæmd lokinni verði framkvæmdasvæði aðlagð aðliggjandi svæði þannig að sem minnst áhrif verði.*

Umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun vill hvetja sveitarfélagið að skoða nánar hver áhrif tillögunnar er á vatnamál þ.e. grunnvatn og vatn sem viðtaki úrgangs. Einnig þarf jafnvel að skoða áhrif tillögunnar á loftgæði og hávaða, en lögð er fram matsspurning um hávaða.

Auk þess segir í niðurstöðum varðandi heilbrigði: „Ef farið er eftir viðeigandi lögum og reglum og samstarf haft við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er ekki talið líklegt að breytingin hafi hættu í för með sér.“ Umhverfisstofnun telur að þarf aðeins að útskýra nánar um hvaða þætti er verið að fjalla um.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Björn Stefánsson
sérfræðingur

